

009/00 - M.b. Fjölur GK-7

Fjölur GK-7, eldur um borð í Grindavíkurhöfn

M.b. Fjölur GK-7

Skipaskr.nr.: 1135

Smíðaður: í Garðabæ 1971 úr stáli

Stærð: 154,45 brl; 243,00 bt

Lengd: 34,17 m **Breidd:** 6,70 m **Dýpt:** 5,45 m

Vél: MWM 478,00 kW **Árgerð:** 1971

Annað:

Földi skipverja: 0



Fjölur ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 14. janúar 2000 var m.b. Fjölur í dráttarbraut í Njarðvíkum. Var skipið þá sjósett og gert klárt til siglingar til Grindavíkur. Um kl 20:00 var skipinu siglt frá Njarðvíkum og komið til Grindavíkur um kl 02:00 þann 15. janúar. Skipið var bundið við bryggju. Um 20 mínútum eftir að komið var til Grindavíkur yfirgáfu allir (4) skipverjar bátinn.

Hinn 15. janúar 2000 um kl. 07:40 var m.b. Fjölur GK-7 við bryggju í Grindavík og varð þá vart við að eldur væri laus um borð og það tilkynnt til lögreglu og slökkviliðs. Eftir að slökkvistarfi var lokið kom í ljós að um talsverðar skemmdir var að ræða á skipinu.

Eldsupptök eru talin hafa orðið við stiga í vistarverum skipverja við stökk semafgasgrein frá ljósavél liggur í.

Við rannsókn kom fram

- að skipverjar auk skipstjóra voru sagðir vera þrír. Enginn maður var skráður á skipið samkvæmt gögnum hjá lögskráningu skipverja né hafði verið skráður frá 10. janúar til 15. janúar;
- að þegar skipið fór í slipp var spilvoka dælt af spilkerfinu (lágbrýstikerfi). Var lögð slanga, frá 200 lítra tunnu sem var á þilfari, í gegnum reyksháf og niður í vélarrúm að dælu sem tengd var við vökvalögn fyrir spilkerfið með annarri slöngu. Ekki er ljóst hvort öllum vökvanum hafði verið dælt af kerfinu meðan skipverjar unnu við það og ekki er ljóst hver eða hverjir tóku slönguna upp eftir að því verki var lokið. Dæla og slöngur voru fengnar að láni frá ESSO í Grindavík;
- að sögn vélstjóranna komu þeir ekki að því að fjarlægja dælubúnaðinn, dælu, slöngu og barka, sem notaður var til að dæla spilvökvanum af kerfinu á tunnu á þilfari. verktakar sem unnu við viðgerðir segjast ekki hafa komið að því að fjarlægja dælubúnaðinn og því óljóst hverjir önnuðust það eða hvernig staðið var að því að fjarlægja búnaðinn
- að áður en farið var frá Njarðvíkum var unnið við að koma spilolíu (glussa) af 200 lítra tunnu og tveimur eða þremur 20 lítra brúsum upp á hæðarker fyrir spilkerfi skipsins;
- að skipið var skoðað 7. janúar og fékk haffæri í 30 daga;
- að samkvæmt framburði aðila er vann við viðgerðir eftir brunann hafi komið í ljós að einangrun utan um útblástursrör fyrir ljósavél hafi verið talsvert olíublaut á nokkru svæði og glerullin næst rörinu hafi verið brunin;
- að samkvæmt niðurstöðu í rannsókn ríkislögreglu voru eldsupptök rakin til olíublautrar einangrunar, steinull, við útblástursrör frá ljósavél;

Nefndarálit

Nefndin telur að eldsupptök hafi verið út frá olíu er komist hefur í einangrun utan um afgangsgrein ljósavélar skipsins. Orsök eldsvoðans megi rekja til óaðgæslu við að dæla olíu af spilkerfi skipsins þar sem ekki hafi verið sýnd næg aðgát við að koma dælubúnaði fyrir eða fjarlægja hann eftir að dælingu lauk.

Mjög brýnt er að fyllsta aðgát sé höfð við meðferð á hvers konar olíum um borð í skipi hvort sem það eru skipverjar eða verktakar frá landi. Þar sem ekki er ljóst af gögnum hvenær eða hvernig olían hefur komist í einangrun um útblástursrör ljósavélar virðist sem eftirlit með vinnu um borð í skipinu á meðan það var á þurru hafi verið áfátt. Eftirliti með tilfærslu á olíunni hafi ekki verið sem skyldi ef hún gat runnið úr slöngu og niður á afgangsgrein.

Nefndin ítrekar fyrri ábendingar um tilgang og gildi lögskráningar skipverja en í þessu tilviki var enginn maður skráður á skipið. Er það alvarlegt þegar skipstjóri sinnir ekki þeirri skyldu að lögskrá skipverja en með lögskráningu eru tryggingar skipverja í gildi. Óskráður skipverji er ótryggður.